


R. Kelly með ungri stúlku

R&B söngvarinn R. Kelly er kominn í hann krappan. Hann var fyrir skömmu handtekinn fyrir að framleiðslu á barnaklámi og að eiga kynmök við 15 ára gamla stúlku. Verður hann þar af leiðandi einnig kærður fyrir nauðgun.

Chigaco Sun-Times komst í febrúar síðastliðnum yfir myndband sem sýnir R. Kelly og umrædda stúlku í heitum ástarlotum og er það barnaklámið sem hann er kærður fyrir að hafa gert. R. Kelly hefur þó staðfastlega neitað að vera maðurinn á umræddu myndbandi sem hefur farið um Netið eins og eldur í sinu.

Verði hann sakfelldur gæti hann átt yfir höfði sér 15 ára fangelsisvist.



Ánægð með sýninguna
Listunnendurnir Herdís Þorvaldsdóttir, Tinna Gunnlaugsdóttir og Egill Ólafsson eru ekki vön að láta sig vanta þegar stórsýningar eru annars vegar.



Menningarsinnaðir þulir
Dóra Ingvadóttir, Pálína Oddsdóttir og Hrafnhildur Jónsdóttir hafa allar verið þulir hjá RÚV og þær skoluðu listinni niður með ljúffengum drykk.



Brosandi út að eyrum
Kjell H. Havorsen, norski sendiherrann á Íslandi, og Matthías Kristiansen þýðandi kunnu vel að meta sumarsýninguna.

Maður og borg

Margt var um manninn á opnun sumarsýningar Kjarvalsstaða síðastliðinn föstudag. Að þessu sinni samanstendur sýningin af fígúratífum verkum í ýmsum miðlum úr eigu safnins þar sem viðfangsefnið er maðurinn í borginni og upplifun hans á borgarlandslaginu: götum og húsum og borgarlífinu; sambýlinu við annað fólk, samkennd, einmanaleika, hópkennd og einstaklingshyggju. Sýningin, sem nefnist Maður og borg, stendur til 25. ágúst.




Í syngjandi sveiflu
Kvartett Kára Árnasonar trommuleikara hélt uppi mikilli stemningu í Stúdentakjallaranum. Með Kára spila Sigurður Flosason á saxófón, Ómar Guðjónsson á gítar og Þorgrímur Jónsson á kontrabassa.

Kvartett í stuði

Kvartett Kára Árnasonar hélt tónleika í Stúdentakjallaranum síðastliðið laugardagskvöld. Vel var mætt og þótti kvartettinn fara á kostum. Á efnisskránni voru meðal annars vel þekktir og minna þekktir djassópusar eftir Wayne Shorter, Sonny Rollins og John Coltrane, svo einhverjir séu nefndir. Færri komust að en vildu svo að það væri ánægjulegt ef Kári og félagar héldu aðra eins uppákomu fljótlega.

Eyrnagöt



Nýjung
Framþróun í eyrnagatagerð
Hárgreiðslustofan
Klapparstíg
Sími 551 3010
Stofnað 1918



Bíógagnrýni

Háskólabíó – Curse of the Jade Scorpion ★★½

Ekki nógu dáleiðandi Allen



Hilmar Karlsson
skrifar gagnrýni um kvikmyndir.

Sumir elska Woody Allen en aðrir skilja ekki hvað þessi rindilslegi, síkvartandi, taugatrekkti maður er að gera í kvikmyndum. Sumir sem elska hann halda mest upp á dramatísku myndirnar hans sem byggja meira á persónusköpun en söguþræði, eins og Hanna og systurnar, Manhattan og Annie Hall. Aðrir eru hrifnastir af gamanmyndunum hans og vitna þá gjarnan í fyrstu myndirnar, eins og Take the money and run og Play it again Sam. Spurningin er hvort Allen finnist að hann hafi ekki sinnt gamanmyndaaðdáendunum nægilega á undanförnum árum og það sé þess vegna sem hann einbeitir sér núna að kómík frekar en drama – því Curse of the Jade Scorpion leitar á sömu grínmiðin og síðasta mynd hans, Small Time Crooks.

Curse of the Jade Scorpion gerist á Manhattan árið 1940 og Allen leikur sjálfur spæjarann C.W. Briggs sem vinnur fyrir tryggingafyrirtæki. Hann hefur orð á sér fyrir að geta leyst erfiðustu mál og fengið allar konur í rúmið með sér – þangað til Betty Ann Fitzgerald (Helen Hunt) er ráðin á skrifstofuna til að hagræða störfum og auka afköst. Henni finnst að Briggs og hans aðferðir hefðu átt að deyja út með risaeðlunum þannig að þeirra samskipti eru vægast sagt eitruð. Í vinnustaðapartíi á veitingastað fær dávaldur óvinina tvo upp á svið, lætur þau falla í trans og fær þau til að tjá hvort öðru ást sína. En brandarinn er ekki búinn því hann leysir þau aldrei alveg undan dáleiðslunni heldur hringir í þau, segir leyniorðin og fær þau til að gera alls kyns kolólöglega hluti.



Spæjarar á fjórða áratugnum
Woody Allen og Helen Hunt í hlutverkum sínum.

Allen getur skrifað alveg óskaplega fyndinn texta og samtöl. Rifrildi þeirra Hunt eru sum hver óborganlega fyndin og helst myndi maður vilja læra þau utan að og bauna á einhvern sem manni er illa við því það krefst listamanns að setja þvílíkan dónaskap saman. Hunt er sannfærandi í hlutverki eiganda tryggingafyrirtækisins og Charlize Theron er æðisleg sem hin forríka Laura Kensington sem verður smáskotin í Briggs. Svipmyndir úr ofurkrimmanum The Big Sleep koma upp í hugann þegar Theron tekur á móti Allen í náttslopp með viskíglas, eins og Bacall gerði við Bogart forðum. Með þeim eru leikararnir Brian Markinson og Wallace Shawn sem tryggingasölumenn og David Ogden Stiers sem dávaldurinn ógurlegi, staðgóðir eins og enskur morgunverður. Sagan er ágæt þótt hún ríghaldi manni ekki allan tímann og Manhattan á því herrans ári 1940 hefur sjaldan litið betur út. En þótt brandararnir renni áfram á færibandi hlær maður ekki oft upphátt og það skiptir mann ekki öllu máli hvernig fer fyrir aðalpersónunum.

Aðalgallinn við myndina er eiginlega Allen sjálfur. Hann er á sjötugsaldri, orðinn fullgamall til að leika rómantískt aðalhlutverk, og ég er þess fullviss að myndin hefði orðið sterkari ef t.d. Sean Penn, sem stóð sig svo frábærlega í Allen-myndinni Sweet and Low Down, hefði fengið að spreyta sig sem spæjarinn C.W. Briggs – áhorfendur hefðu örugglega farið dáleiddari heim.

Leikstjóri og handritshöfundur: Woody Allen. **Kvikmyndataka:** Zhao Fei. **Aðalleikarar:** Woody Allen, Helen Hunt, Dan Aykroyd, Brian Markinson, Wallace Shawn, David Ogden Stiers, Charlize Theron.